57. stjórnarfundur Vinnudeilusjóðs Kennarasambands Íslands

Haldinn 30. október 2008, kl 17:00

Mættir: Guðni S. Óskarsson, Elín Mjöll Jónasdóttir, Brynja D. Matthíasdóttir, Guðjón S. Þorláksson og Ingibergur Elíasson. Valgeir Gestsson starfsmaður sjóðsins mætti kl. 18:00.

1. Guðni greindi frá fundum með starfsmönnum bankastofnana. Guðni sagði frá fundunum og samtölum. Lagði fram áætlaða stöðu sjóðsins 30. okt. 2008. Sjá fylgiskjal 57.1.
2. Innlausn verðbréfa.
   Guðni kynnti tillögu að innlausn verðbréfa.

Samþykkt samhljóða:
Með tilliti til umskipta á banka- og verðbréfamarkaði að undanförnu samþykkir stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ að innleysa verðbréf í eigu sjóðsins á næstu mánuðum eftir því sem hagkvæmt þykir. Um er að ræða verðbréfasöfn í vörslu verðbréfadeilda Landsbankans, BYR sparisjóðs (áður VSP) og
SPRON verðbréfa.
Stefnt skal að innlausn verðbréfa í eigu Vinnudeilusjóðs KÍ þannig að eignir sjóðsins verði fyrst og fremst á verðtryggðum bankareikningum og í ríkisskuldabréfum.
Formanni Vinnudeilusjóðs KÍ er falið að tilkynna viðkomandi bankastofnun um samþykkt stjórnarinnar og óska eftir innlausn verðbréfa í eigu Vinnudeilusjóðs á næstunni eftir því sem hagkvæmt þykir.

3. Tilboð frá BYR-sparisjóði.
   Lagt fram tilboð frá BYR v/færslu á fjármunum sjóðsins:

Samþykkt samhljóða:
Stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ samþykkir að færa innistæðu sjóðsins hjá BYR sparisjóði yfir á verðtryggðan innlánsreikning á vöxtum samkvæmt tilboði frá BYR
Sem barst í dag (30.10.08).
Tilboðið hljóðar upp á 7,3% vexti og verðbætur og 100 punkta álag að auki. Binditíminn er 6 mánuðir. Ef á þarf að halda er hægt að hleypa okkur í þá fyrr.

4. Önnur mál. Engin mál tekin fyrir undir þessum lið.

<u>Næsti fundur boðaður 20. nóv. Kl. 13:00</u>

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl:18:30

Elín Mjöll Jónasdóttir (sign),
Guðni Sig. Óskarsson (sign),
Guðjón S. Þorláksson (sign),
Brynja D. Matthíasdóttir (sign)
Ingibergur Elíasson (sign)